

Yfirlit yfir verkefni vegna gæða- og nýsköpunarstyrkja 2023

Heilbrigðisráðuneytið veitir styrki til gæða- og nýsköpunarverkefna árið 2023. Til úthlutunar voru 55 milljónir króna og voru styrkir veittir til 18 verkefna. Að þessu sinni var annars vegar lögð sérstök áhersla á verkefni sem hafa það að markmiði að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu og stuðla að aukinni notkun stafræna lausna, sbr. aðgerð A.5 í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Hins vegar var áhersla lögð á verkefni sem styðja við eftirfylgni með tillögum viðbragðsteymis ráðuneytisins í bráðaþjónustu á landsvísu. Við mat á verkefnum var m.a. horft til þess að verkefnin hefðu skýran ávinning fyrir heilbrigðisþjónustuna og þann hóp sem þjónustan beinist að.

Úthlutunarnefnd skipuð þremur sérfræðingum heilbrigðisráðuneytisins fór yfir umsóknirnar og undirbjó tillögur að styrkveitingum til ráðherra sem hann samþykkti.

Verkefnin sem hlutu styrk eru eftirtalin:

Heiti verkefnis: Lifandi myndstreymi frá neyðarvettvangi

Fjárhæð styrks: kr. 4.000.000

Umsækjandi: Neyðarlínan ohf.

Ábyrgðarmaður: Jón Svanberg Hjartarson

Stutt lýsing á verkefni: Markmiðið er að fá reynslu í notkun lifandi myndstreymis frá vettvangi með innleiðingu sérstaks hugbúnaðar. Fyrst um sinn verði aðallega horft til endurlífana eða fæðinga þar sem sjúkraflutningsviðbragð hefur um langan veg að fara. Hugmyndin er að mögulegt sé að bæta til muna leiðbeiningar um endurlífgun eða fæðingu ef hægt er að sjá jafnóðum hvernig verið er að vinna á staðnum.

Þetta kerfi sem hér er stefnt að innleiða í kerfi 112.is er nú þegar notað í Danmörku og Noregi við til dæmis forflokun bráðartilvika, þar sem að lækni sem svarar símtölum kallar eftir myndstreymi í stökum tilvikum til að bæta sína greiningu. Reynsla Dana er að þetta eigi við í milli 6% og 10% tilvika. Myndstreymi sem fæst með þessu kerfi frá vettvangi má svo deila áfram til þeirra sem eru á leið á vettvang, og þannig koma á virkum símafundi milli allra hlutaðeigandi. Þó að í upphafi standi til að beina sjónum að þessum tveimur flokkum neyðartilvika, er vel hugsanlegt að notkunin eigi síðar eftir að verða víðtækari.

Heiti verkefnis: Leysum meira

Fjárhæð styrks: kr. 3.000.000

Umsækjandi: Upplýsingamiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Ábyrgðarmaður: Margrét Héðinsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Á þeim 14 mánuðum sem liðnir eru frá því að Upplýsingamiðstöð HH tók til starfa hefur komið í ljós að með því að hafa starfandi starfsfólk með fjölbreyttari sérfræðipækkingu mætti leysa mun fleiri erindi en mögulegt er í dag með eingöngu hjúkrunarfræðinga og móttökuritarara í starfi. Um sé að ræða erindi sem nú þurfi að vísa til starfsfólks heilsugæslunnar. Markmið verkefnisins er að greina þau erindi sem Upplýsingamiðstöðinni berast og sjá hvort ekki sé unnt að fjölga þeim málum sem leysa megja þar með til dæmis lækni, ljósmóður, sálfræðingi eða mögulega öðrum sérfræðingum. Markmið deildarinnar sé að þjónusta fólk þegar það kemur, þar sem það kemur ef það er mögulegt og því stendur vilji til skoða hvort aðgengi að sérhæfðu heilbrigðisstarfsfólki myndi mögulega fækka þeim tilvísunum á heilsugæsluna. Sem dæmi um erindi sem leysa mætti eru:

1. Erindi frá barnshafandi konum sem ljósmóðir gæti leyst úr.
2. Erindi vegna lyfjaávisana. Til dæmis þegar lyf sem ávísað var er ekki til og nauðsynlegt reynist að ávísa öðru lyfi, eða þegar lækni gleymir að staðfesta og senda lyfseðil en í sjúkraskrárkerfi sést að það átti að gera en gleymdist. Slík erindi er auðvelt fyrir annan lækni að leysa.

3. Erindi vegna andlegrar vanlíðunar, kvíða og þunglyndis sem geðhjúkrunarfræðingur gæti leyst og vísað í árangursríkan farveg.

Einnig stendur til að greina hvaða erindi mætti forrita snjallmenni til að svara til að létta álagi vegna einfaldri erinda.

Heiti verkefnis: ADHD KAOS – að ná fram skipulagi í óskipulaginu. Rafrænt námskeið fyrir fullorðna með ADHD.

Fjárhæð styrks: 3.500.000

Umsækjandi: Værð ehf.

Ábyrgðarmaður: Valdís Ósk Jónsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: ADHD KAOS er rafræn meðferð eða sjálfshjálparnámskeið fyrir einstaklinga með ADHD, byggt á vísindalegum grunni. Rafræna námskeiðið verður hannað með það í huga að vera ADHD notendavænt með stuttum myndböndum, verkefnum og spurningalistum. Niðurstöður úr spurningalistum verða aðgengilegar skjólstæðingnum sjálfum svo hann geti verið virkur þátttakandi í eigin meðferð og eigi því auðveldara með að bera ábyrgð á eigin heilsu. Markmið verkefnisins er því að búa til sjálfshjálparefni byggt á hugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar, díalektískrar atferlismeðferðar og sáttar- og atferlismeðferðar fyrir einstaklinga með ADHD, en slík meðferð er ekki til á Íslandi í dag. Faglegt gildi verkefnisins er mikið þar sem biðlistar fyrir ADHD greiningar eru langir og vöntun er á úrræðum á Íslandi sem styðja einstaklinga með ADHD til sjálfshjálpar. Úrræðið myndi byggjast á lotum sem innihalda almenna fræðslu á einkennum ADHD, mögulegum orsakapáttum, tilfinningastjórn, þróun á öðrum vanda og nothæfum verkfærum til að draga úr hamlandi einkennum. Áhersla er á að koma námskeiðinu á rafrænt form til að auka aðgengi almennings og sérstaklega landsbyggðarinnar að viðeigandi meðferð. Sjálfshjálparefnið væri aðgengilegt notendum strax eftir skráningu og því væri enginn biðtími í þjónustu. Ekki verður þörf á greiningu til að nýta sér námskeiðið og því ættu tilvísendur auðveldara með að stuðla að sjálfshjálp, meðal annars þegar beðið er eftir greiningu.

Heiti verkefnis: Snjallari endurhæfing styttir biðlista og bætir aðgengi

Fjárhæð styrks: kr. 3.000.000

Umsækjandi: ÁS Snjöll Heilsa ehf.

Ábyrgðarmaður: Ingi Björn Ágústsson

Stutt lýsing á verkefni: Umsækjandi er sprotafyrirtækið ÁS Snjöll Heilsa ehf. (ÁSH) í samstarfi við bæklunarskurðeild B5 og göngudeild bæklunarskurðeildar G3 - Landspítalans (BSD) sem sinnir skjólstæðingum með stoðkerfis- og beináverka, liðskiptaaðgerða ásamt endurkomum og endurhæfingu. Samstarf ÁSH og bæklunarskurðeildar Landsspítala er ætlað að innleiða stafræna meðferðartækni til úthlutunar fræðslu og meðferðarúrræða til skjólstæðinga í smáforrit í þeim tilgangi að bæta þjónustu, stytta endurhæfingartíma og auka öryggi skjólstæðinga. Aukin sjálfvirkni, studd af gervigreind, eykur skilvirkni deildarinnar, fækkar óparfa endurkomum og styttir biðlista. Skjólstæðingar sem þurfa á sjúkráþjálfun fá meðferðaráætlun afhenta í smáforrit frá meðferðaraðila þar sem gervigreind heldur utan um meðferð með sjálfvirkri stignun og jafnvel útskrift. Tilgangur verkefnisins er að nýta heilsutæknilausnir til að bæta þjónustu við sjúklinga á hverju þjónustustigi, auka skilvirkni, minnka sóun og stytta biðlista með betri þjónustu.

Heiti verkefnis: ADHD vísirinn

Fjárhæð styrks: kr. 2.000.000

Umsækjandi: Janus endurhæfing

Ábyrgðarmaður: Kristín Hanna Siggeirsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Verkefnið byggir á tveimur grundvallar hugmyndum sem ætlað er að stuðla að styttri biðtíma og biðlistum eftir ADHD greiningum. 1) ADHD greiningarferlið innifelur í sér töluverða upplýsingaöflun hjá greiningaraðila sem hægt er að færa yfir á stafrænt form. 2) Upplýsingar sem hægt er að setja í gervigreindarlíkön til að nýta til ráðgefandi niðurstaðna og forgangsroðunar.

Þverfaglegt teymi sérfræðinga Janusar endurhæfingar hefur samanlagt áratuga reynslu af ýmiskonar geð-, tauga- og þroskaraskana greiningum og meðferðum þeirra þ.á m. ADHD. Það mun rýna í stöðluð ADHD greiningarferli til að bera kennsl á upplýsingar og sjálfsmatstæki sem raunhæft er að afla án viðtals. Þessar sérhönnuðu upplýsingar verða teknar saman, útbúnar og mynda undirstöðu stafræns spurningalista ADHD-vísisins. Svör við listunum munu flýta fyrir upplýsingaöflun sem annars færi fram í viðtali og aðstoða sérfræðinginn við að móta áherslur þegar að greiningarviðtölum kemur. Gervigreindarlíkin munu aðstoða við að sjá mynstur í svörum sem nýtast til að forgangsraða áherslunum í greiningarviðtölunum, spá fyrir um líkur þess að vera með ADHD og gefa notandanum í té innsýn í eigin vanda til að taka upplýsta ákvörðun um að sækjast eftir ADHD greiningu eða ekki. Líklega munu þau að auki koma auga á samsláttaráhrif tengdra raskana og þar af leiðandi möguleg tækifæri til að tækla þau vandamál á meðan beðið er eftir lausu plássi hjá greiningaraðila ADHD.

Heiti verkefnis: Speglnaraðgerðir við forstigum og snemmbúnum krabbameinum í meltingarvegi

Fjárhæð styrks: kr. 3.500.000

Umsækjandi: Landspítali

Ábyrgðarmaður: Magnús Konráðsson

Stutt lýsing á verkefni: Mikil þróun hefur verið á síðustu árum og áratugum í speglunaraðgerðum til að fjarlægja æxli í meltingarvegi, bæði æxlum sem eru forstigsbreytingar að krabbameinum, en einnig krabbameinum sem eru á byrjunarstigi. Þannig er í dag til dæmis hægt að fjarlægja krabbamein eða forstig þeirra í vélinda, ristli og endaparmi, sem áður þurfti stórar og hættulegar aðgerðir til að meðhöndla. Þessi starfsemi er í þróun á Landspítala, en á undanförunum árum hafa speglunaraðgerðir við krabbameini í vélinda verið í gerðar.

Fyrirhugað er að hefja þjóðarskimun fyrir ristil og endaparmskrabbameini og ljóst er að sú skimun mun hafa í för með sér aukinn fjölda tilfella sem þurfa meðferð með sérhæfðri speglunaraðgerð. Til þess að vera betur í stakk búin til að sinna þessari þörf, og tryggja fullnægjandi meðferð skjólstaðinga, án þess að framkvæma óþarflega stórar og kostnaðarsamar aðgerðir vill speglunardeild Landspítala hefja verkefni til að auka gæði, færni og þjónustu í sambandi við speglunaraðgerðir.

Verkefnið er tvíþætt:

1. Koma á stofn reglulegum fjarfundum, þar sem speglunarlæknar víðs vegar af landinu geti kynnt sín tilfelli í máli og myndum fyrir sérhæfðum læknum Landspítala og sameiginleg ákvörðun um meðferð verði tekin.
2. Tímabundin ráðning erlends sérfræðings, sem hefur mikla reynslu, þekkingu og þjálfun í þeim speglunaraðgerðum sem um ræðir, til þess að taka þátt í ofanefndum samráðsfundum, speglunaraðgerðum, og sinna kennslu og þjálfun lækna Landspítala sem mun nýtast til frambúðar.

Heiti verkefnis: Bráðafjarheilbrigðismiðstöð – fjarskiptalæknir

Fjárhæð styrks: kr. 4.000.000

Umsækjandi: Landspítali

Ábyrgðarmaður: Vicente Sanchez-Brunete Ingelmo

Stutt lýsing á verkefni: Vinnuheitið „fjarskiptalæknir“ nær utan um verkefni bráða-fjarheilbrigðismiðstöðvar sem sinnir 1) læknisfræðilegri stjórnun og ráðgjöf fyrir sjúkraflutninga, 2) bráðalæknisráðgjöf fyrir heilsugæslu í dreifbýli, 3) fjarheilbrigðisþjónustu fyrir sjófarendur, vettvangsliða og björgunarsveitir, auk 4) faglegrar ráðgjafar við Neyðarlínu, meðal annars til

ákvörðunar um notkun sjúkraflugs og þyrlu. Fjarskiptalæknir eykur aðgengi að sérfræðipjónustu bráðalæknis sem eykur gæði og þjónustu við sjúklinga í nærumhverfi þeirra, þegar bráð veikindi eða slys verða. Sömuleiðis veitir aukið aðgengi að bráðalæknisfræðilegri ráðgjöf stuðning við heilbrigðisþjónustu í dreifðari byggðum og ætla má að verkefnið styðji við mönnun lækna þar sem margir læknar veigra sér við að standa ein í bráðum aðstæðum þar sem úrræði og aðgengi að ráðgjöf utan dagvinnutíma hefur verið mjög takmarkað hingað til.

Heiti verkefnis: Hópmeðferð án hindrana

Fjárhæð styrks: 2.000.000

Umsækjandi: SÁÁ

Ábyrgðarmaður: Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Til að auka fjölbreytni í meðferð og mæta betur þörfum skjólstæðinga SÁÁ hefur verið þróað meðferðarúrræði fyrir fyrstu skrefin í meðferð í göngudeild. Þeir sem ekki þurfa afeitrunarmeðferð á Vogu geta nýtt sér þetta meðferðarúrræði sem hefur fengið heitið „grunnmeðferð.“ Markmið grunnmeðferðar er að hjálpa þeim sem sjálfir geta stöðvað neyslu til að öðlast innsæi í sinn vanda, læra um fíknsjúkdóm og leiðir til að takast á við fyrstu skrefin í bata. Um er að ræða 10 skipta meðferð, sambærileg 10 daga meðferð á Vogu sem byggir á sálfélagslegri fræðslu, hópavinnu og hópmeðferð með áfengis-og vímuefnaráðgjafa. Um 300 einstaklingar á ári nýta sér þessa meðferðarleið og þannig léttir á biðlista eftir Vog. Hópmeðferð gerir það kleift að veita fleirum þjónustu en ef þjónustan er byggð á einstaklingsviðtölum auk þess sem hún getur verið áhrifaríkari en einstaklingsmeðferð fyrir fólk með fíknsjúkdóm. Sótt er um styrk til að aðlaga þessa hópmeðferð og veita hana í fjarþjónustu.

Heiti verkefnis: Stafrænt umhverfi í sálfélagslegri þjónustu

Fjárhæð styrks: kr. 2.000.000

Umsækjandi: Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Ábyrgðarmaður: Margrét Víkingisdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Landfræðilegt starfssvæði HSN er mjög víðfemt, en það nær yfir rúmlega 30% af Íslandi og skiptist í bæði þéttbýli og dreifbýli. Á HSN er aðeins veitt gagnreynd sálfræðimeðferð. Langmest af þeirri meðferð sem sálfræðingar HSN veita er hugræn atferlismeðferð (HAM). Í HAM meðferð er mikil áhersla lögð á það sem fer fram á milli meðferðarviðtala, þ.e. þá vinnu sem skjólstæðingur vinnur sjálfur á milli viðtala. Heimavinnan er mjög strúktúruð og til þess að hún sé í samræmi við klínískar leiðbeiningar eru notuð stöðluð skemu og vinnublöð. Þá er meðferðin sjálf mjög myndræn, þ.e. sálfræðingurinn notar skýringarmyndir mjög mikið í vinnu sinni. Í hefðbundinni staðmeðferð er tússtafla því mikilvægasta vinnutæki sálfræðingsins. Auk tússtöflunnar er notast við vinnublöð sem skjólstæðingur notar í allri sjálfsvinnu í meðferð. Ávinningurinn af því að koma þeim vinnublöðum á stafrænt form væri mjög mikill. Skjólstæðingur er þá alltaf með vinnublaðið á sér í símanum og appið heldur utan um alla vinnuna á einum stað þar sem bæði skjólstæðingur og meðferðaraðili hafa aðgang að gögnum. Þá er mat á árangri eða framvindu lykilatriði í allri gagnreyndri sálfræðimeðferð. Með því að byggja viðurkennd matstæki inn í app eða vefviðmót getur skjólstæðingur sjálfur farið inn og svarað matslistum og þannig fylgst sjálfur með sínum bata. Að sama skapi gefur stafrænt utanumhald um skráningu á líðan færi á að bregðast strax við ef meðferð skilar ekki árangri eða ef bakslag verður. Tilgangur verkefnis um innleiðingu á stafrænu umhverfi í sálfélagslegri þjónustu er því að auka þjónustumöguleika við þann hóp skjólstæðinga HSN sem nýtir sér sálfélagslega þjónustu, bæði í þéttbýli og dreifbýli, með því að þróa stafrænt umhverfi fyrir samskipti og eyðublöð/matslista.

Heiti verkefnis: Fjarvaktir bráðalækna á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Fjárhæð styrks: kr. 4.000.000

Umsækjandi: Sjúkrahúsið á Akureyri

Ábyrgðarmaður: Jón Pálmi Óskarsson

Stutt lýsing á verkefni: Rúmt hálf ár er síðan gerð var tilraun með að hafa íslenskan bráðalækni í Bandaríkjunum á vakt á SAK í gegnum tölvu. Þá er bráðalæknir í myndsambandi við lækna og hjúkrunarfræðinga bráðamóttöku og getur leiðbeint námslæknum um skoðun og mat á sjúklingum, auk þess að taka ákvarðanir um meðferð og afdrif þeirra. Bráðamóttaka SAK hefur hug á að halda áfram með þetta verkefni og reyna að fá fleiri bráðalækna til þátttöku. Ljóst er að fjárfesta þarf í fjarskiptabúnaði sem uppfyllir kröfur Embættis landlæknis um veitingu fjarheilbrigðisþjónstu, auk þess sem um aukinn launakostnað verður að ræða, sem og kostnað við stjórnun verkefnis. Erfiðlega hefur gengið að fá bráðalækna til starfa, þrátt fyrir auglýsingar og alls kyns mannaveiðar. Nú eru rúmlega þrjú stöðugildi sérfræðinga við bráðamóttöku setin og til að hafa mannskap í klíniska vinnu 12 klst. á sólarhring fimm daga vikunnar var ákveðið að gera tilraun með áður nefndar fjarvaktir. Fyrsta reynsla af störfum bráðalæknisins í Bandaríkjunum er afar góð; almenn ánægja er meðal starfsfólks og sjúklinga. Þessi reynsla hvetur okkur til að þróa verkefnið áfram; markmiðið er að geta mannað helgarvaktir kl. 8-18 með sérfræðingum.

Heiti verkefnis: Sjúkraflutningar afgreiddir á staðnum

Styrkfjárhæð: kr. 4.000.000

Umsækjandi: Embætti landlæknis/Miðstöð rafrænna heilsufarslausna

Ábyrgðarmaður: Ólafur Kristján Ragnarsson

Stutt lýsing á verkefni: Við innleiðingu á rafrænum sjúkraflutningaskýrslum verður til möguleiki á að senda skýrslu inn í Sögu kerfið. Þetta skapar þá tækifæri á að senda upplýsingar á tiltekna stofnun (t.d. heilsugæslu) þegar sjúkraflutningur er afgreiddur á staðnum og þörf á að skjólstæðingur fái úrlausn sinna mála með aðstoð á öðrum þjónustustigum í heilbrigðiskerfinu. Þessi lausn styður við þá stefnu að fækka ónauðsynlegum komum á bráðamóttökum og tryggir eftirfylgd. Markmið verkefnisins felur það í sér að hægt sé að láta vita ef sjúkraflutningur er merktur „afgreitt á staðnum“ og skjólstæðingur er ekki fluttur en þarf á frekari aðstoð að halda (þó ekki bráðaþjónustu). Við það fari af stað ferli sem tryggir að haft verður samand við skjólstæðing af heilbrigðisstarfsmanni sem kemur skjólstæðing í rétt ferli innan heilbrigðiskerfisins.

Heiti verkefnis: BLUS – bráðalækningar utan sjúkrahúsa, verklegur kennslubúnaður

Fjárhæð styrks: kr. 2.500.000

Umsækjandi: Læknafélag Íslands

Ábyrgðarmaður: Hjalti Már Björnsson

Stutt lýsing á verkefni: Að frumkvæði umsækjanda hafa verið haldin sérhæfð námskeið í bráðalækningum utan sjúkrahúsa, BLUS, hið fyrsta árið 2002 en alls hafa farið fram sjö námskeið síðan þá. BLUS námskeiðin byggja á þeim áskorunum sem landsbyggðarlæknar á Íslandi að sinna og veita sérhæfða þjálfun til að leysa úr þeim innan þess tímaramma og með þeim búnaði sem raunhæft er að hafa á vettvangi utan sjúkrahúsa eða á smærri heilbrigðisstofnunum. BLUS námskeiðin eru tvískipt, annars vegar vikulangt fræðilegt námskeið en hins vegar verklegt námskeið þar sem handtök og samvinna er æfð á tveimur heilum dögum.

Veruleg vandræði hafa reynst vera við að útvega kennslubúnað til að veita læknum sérhæfða þjálfun í handtökum og teymisvinnu á verklegum námskeiðum. Er ekki hægt að kenna slíkt nema vera með vandaðan búnað. Kennslubúnaður er til á vegum Háskóla Íslands og í hermisetri Landspítala en hann hefur ekki verið unnt að fá lánaðan út úr húsi. Þá fullnýtir Landspítali sína kennsluáðstöðu og því erfitt að halda námskeiðin þar, auk þess sem það er augljóslega erfitt fyrir landsbyggðarlækna. Verkefnið felur því í sér kaup á kennslubúnaði sem hægt er að nýta við kennslu á námskeiðunum.

Heiti verkefnis: Gögn til fjarskiptalæknis í rauntíma

Fjárhæð styrks: kr. 3.000.000

Umsækjandi: Embætti landlæknis/Miðstöð rafrænna heilsufarlausna

Ábyrgðarmaður: Ólafur Kristján Ragnarsson

Stutt lýsing á verkefni: Nú er unnið að mótun fjarskiptalæknis sem er meðal annars ætlað að vera til stuðnings fyrir sjúkraflutningaraðila í verkefnum sínum. Þetta verður mikið framfaraskref í þróun sjúkraflutninga á Íslandi, sérstaklega í dreifðari byggðum. Á sama tíma er unnið að útgáfu og innleiðingu á rafrænum sjúkraflutningaskýrslum. Með þeim skapast tækifæri til þess að veita fjarskiptalækni aðgang að gögnum úr skýrslunni í rauntíma um leið og þau eru skráð af sjúkraflutningaaðilum. Appið sem skýrslurnar eru fylltar út með er í samskiptum við þjónustulag sem sér um vistun skráningarinnar í gagnagrunn. Þegar óskað væri eftir aðstoð fjarskiptalæknis, gæti læknirinn opna vef og fundið málið sem tengist beiðninni og opnað inn á skýrsluna. Appið myndi senda uppfærslur þjónustulagið um leið og skráning á sér stað. Læknirinn gæti svo séð allar skráningarnar í vefviðmóti um leið og þær koma inn. Á seinni stigum verður hægt að tengjast mælitækjum sem það styðja í sjúkrabílum. Þetta gefur færi á sjálfvirkri skráningu á t.d. lífsmörkum í skýrslunni sem myndi svo verða streymt til fjarskiptalæknis. Tilgangur verkefnisins er að tryggja gott upplýsingaflæði til fjarskiptalæknis þannig að allar skráningar, hvort sem um er að ræða skráningar á t.d. lífsmörkum, meðferð eða myndir frá vettvangi, séu sýnilegar fjarskiptalækni um leið og þær eru skráðar. Markmiðið er að þetta tryggi að fjarskiptalæknir sé með sem bestar og réttar upplýsingar til þess að auðvelda yfirsýn og ákvarðanatöku.

Heiti verkefnis: BLUS – bráðalækningar utan sjúkrahúsa, rafrænt námskeið

Fjárhæð styrks: 2.500.000

Umsækjandi: Læknafélag Íslands

Ábyrgðarmaður: Hjalti Már Björnsson

Stutt lýsing á verkefni: Lengi hefur vantað viðeigandi námskeið til að kenna læknum sérhæfð viðbrögð við bráðum veikindum og slysum utan veggja sjúkrahúsa. Þau námskeið sem hafa verið í boði eru flest miðuð við þarfir þeirra sem starfa á stóru sjúkrahúsi og taka oft eingöngu fyrir mjög afmarkað efni. Eru það til dæmis námskeið í endurlífgun barna (PALS), sérhæfðri endurlífgun fullorðinna (ALS) eða móttöku fjörláverka á sjúkrahús (ETC/ATLS). Mjög hefur skort á að fjallað um hvernig sinna skuli málum í starfsumhverfi landsbyggðarlækna á þessum námskeiðum. Þá hefur einnig vantað fræðslu um önnur bráð vandamál, s.s. geðrof, sjálfsvígshættu og nauðungarvistanir, fæðingar, nefblæðingar, öndunarveg, flogafár, hópslysaviðbragð, liðhlaup og fleira sem er órjúfanlegur hluti af starfi landsbyggðarlækna. Að frumkvæði umsækjanda hafa verið haldin sérhæfð námskeið í bráðalækningum utan sjúkrahúsa, BLUS, hið fyrsta árið 2002 en alls haldin sjö námskeið síðan þá. BLUS námskeiðin byggja á þeim áskorunum sem landsbyggðarlæknar á Íslandi sinna og veita sérhæfða þjálfun til að leysa úr þeim innan þess tímaramma og með þeim búnaði sem raunhæft er að hafa á vettvangi utan sjúkrahúsa eða á smærri heilbrigðisstofnunum. Síðasta námskeiðið var haldið haustið 2021. Verkefnið snýr að því að uppfæra BLUS námskeiðið, taka upp fyrirlestrana og skrifa stutt rafræn próf. Efnið verður gert aðgengilegt öllum læknum á Íslandi gegnum vef Læknafélagsins.

Heiti verkefnis: Notkun „erkitýpu-sjúklinga“ til greiningar á stöðu bráðþjónustu á Suðurlandi

Fjárhæð styrks: kr. 4.000.000

Umsækjandi: Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Ábyrgðarmaður: Inga Þórs Yngvadóttir

Stutt lýsing á verkefni: Markmið verkefnisins er að greina styrkleika og áskoranir við veitingu bráðþjónustu á þjónustusvæði HSU, allt frá Hellisheiði í vestri til Hafnar í austri. Sérstaklega verður

litið til landfræðilegra áskoranna á stöðum eins og á Höfn og í Vestmannaeyjum ásamt dreifbýlis með mikilli ferðamannaþjónustu líkt og í Örfæfasveit.

Notkun erkitýpa við greiningu á ferlum í þjónustu er vel þekkt og talin ein öflugasta leiðin til að skilja mismun í þjónustu milli hópa og staða. Slík greining hefur ekki farið fram áður á Íslandi í bráðaþjónustu og gæfi greinargóða mynd á áframhaldandi áskoranir bráðaþjónustu ásamt því að verkefnið nýtist sem fyrirmynd fyrir landið allt. Samdar verða lýsingar á 10 erkitýpu sjúklingum sem lýsa lykilþáttum í þjónustupörf einstaklinga sem leita í bráðaþjónustu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU). Þess verður gætt að líta til, meðal annarra þátta, barna og fullorðinna, líkamlegra og geðrænna kvilla ásamt veikindum og slysum. Farið verður yfir hvernig hver og einn sjúklingur færi í gegnum þjónustuna á mismunandi tímum sólarhrings fyrir allar starfsstöðvar.

Heiti verkefnis: Heilsuforrit sem einfaldar líf fólks með skjaldkirtilssjúkdóma

Fjárhæð styrks: kr. 2.000.000

Umsækjandi: Treatably ehf.

Ábyrgðarmaður: Ásta Kristín Marteinsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Treatably er heilsusmáforrit var stofnað árið 2020 og hefur það markmið að einfalda líf fólks með skjaldkirtilssjúkdóma. Í forritinu geta sjúklingar skráð allar þær upplýsingar sem þeim þykja mikilvægar til þess að fylgjast með þróun sjúkdóms síns og fengið tengingu við sína heilbrigðisþjónustu. Fyrir þá sem þjást af skjaldkirtilssjúkdómum skiptir máli að fylgjast vel með upplýsingum líkt og einkennum, lyfjainntekt, fæðuinntekt, svefni og fleiri þáttum á hverjum degi. Þetta getur verið langdreginn ferill sem leiðir oft til þess að fólk gefst upp á eftirfylgninni og tapar þar með innsýn sinni í heilsu sína sem leiðir til þess að þeir leita sér aðstoðar læknis seinna en ella með verri heilsu og auknum sársauka fyrir sjúklinginn og kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið. Meginþættir forritsins eru gagnasöfnun (lyf, einkenni, næring, svefn, lífsmörk, rannsóknarniðurstöður og hreyfing) varðveisla rannsóknarniðurstaðna, greinandi innsýn og aðgangur að heilbrigðisþjónustu. Ekkert forrit er á markaði í dag sem veitir sjúklingum aðgang að sínum heilsufarsupplýsingum líkt og Treatably mun gera en teymið er í virku samstarfi við embætti landlæknis um tengingu forritsins við Heilsuveru.

Heiti verkefnis: Fjarlækningar – aukið aðgengi, stytting biðtíma

Fjárhæð styrks: kr. 4.000.000

Umsækjandi: Fjarlækningar

Ábyrgðarmaður: Victor Guðmundsson

Stutt lýsing á verkefni: Fjarlækningar stefna að því að auka aðgengi sjúklinga að heilbrigðisþjónustu og nýta tíma lækna eins og best verður á kosið. Þetta verður gert með því að bjóða upp á einstakan hugbúnað sem byggir á spurningalistum/algorithmum sem eru hannaðir af sérfræðingum innan heilbrigðiskerfisins til að leysa einföld vandamál, s.s. að stytta sögutöku og tengja lækna og sjúklinga með auðveldum hætti. Þetta verður gert í samstarfi við Lyfju gegnum Lyfju appið en nú þegar hafa náðst samningar við Lyfju um að bjóða upp á þessa þjónustu. Fjarlækningar hafa lagt mikið upp úr að tryggja faglega nálgun og því hefur verið náð samstarf með norska fyrirtækinu Legevisitt sem hefur innleitt svipaða lausn með góðum hætti í Noregi. Innan Fjarlækninga starfa þrjú læknar sem vinna að því að aðlaga hugbúnaðinn að íslenskum aðstæðum. Búið er að vinna fýsileikakönnun sem staðfestir að verkefnið hentar vel fyrir íslenskan markað og getur stuðlað að betri þjónustu við fólk út um allt land, minni biðtíma og betri nýtingu á tíma lækna. Þetta verður í fyrsta skipti þar sem sjúklingar geta farið í gegnum sögutöku með einföldum hætti og fengið lausn sinna mála á skjótum tíma. Þetta sparar gríðarlegan tíma hjá læknum sem fer í þessi einföldu mál þegar tími væri betur nýttur í flóknari mál. Fjarlækningar stefna að því að hugbúnaðurinn geti þjónustað fólk um land allt með einföld vandamál og að sama skapi beint fólki með flóknari vandamál á rétta staði í heilbrigðiskerfinu.

Heiti verkefnis: Þróun og innleiðing stafrænna lausna við skimun og rakningu kynsjúkdóma á Íslandi

Fjárhæð styrks: kr. 2.000.000

Umsækjandi: Landspítali

Ábyrgðarmaður: Elísabet Reykdal Jóhannesdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Verkefnið felst í því að einstaklingar geti pantað kynsjúkdómaskimun, athugun og skoðun vegna gruns um kynsjúkdóm, fyrirbyggjandi meðferð vegna HIV og fræðsluviðtal á Heilsuveru eða á netsíðu í stað þess að hringja í göngudeild húð- og kynsjúkdóma eða leita á læknavakt, heilsugæslur og bráðamóttöku. Á sama tíma svara einstaklingar spurningalista um kynhegðun, einkenni, ofnæmi og fleira sem skráist í sjúkraskrá en kynhegðun ræður hvers konar sýni beri að taka. Þessi breyting sparar mikið einhæf störf og eykur mikið aðgengi og gæði þjónustunnar því ekki þarf að mæta á ákveðnum bókuðum tíma né sitja undir oft á tíðum óþægilegum spurningum. Með þessari lausn yrðu snjallboxum komið fyrir á biðstofu og í stað þess að hjúkrunarfræðingur kalli einstaklinginn inn á ákveðnum tíma getur einstaklingurinn mætt hvenær sem er yfir daginn og sótt sýnatökusettið sitt í snjallbox og skilað aftur. Hugmyndina með snjallboxin má enn frekar útfæra með sjálfsafgreiðslurými á deildinni. Síðast en ekki síst er ætlunin að draga úr vinnu við rakningar en í samræmi við sóttvarnalög skila sýktir einstaklingar inn nöfnum rekkjunauta á handskrifuðu blaði en mikil vinna fer í að kalla rekkjunautana í skimun. Smíða mætti vefsíðu þar sem einstaklingur skrifaði niður rekkjunautana, vefsíðan myndi senda skilaboð á hugsanlega sýkta, þar fá þeir númer sem þeir geta skráð inn á aðra síðu með rafrænum skilríkjum og tengja kennitölu við númerið og þaðan áfram á Heilsuveru og skimunarferlið endurtekur sig.